



Fréttatilkynning

HRINGBORÐ NORÐURSLÓÐA – ARCTIC CIRCLE RÚMLEGA 900 ÞÁTTTAKENDUR FRÁ 34 LÖNDUM

Alþjóðafing Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle verður haldið í Hörpu í lok þessa mánaðar, dagana 31. október til 2. nóvember. Rúmlega 900 þátttakendur frá 34 löndum sækja þingið og verður þar fjölpætt dagskrá um framtíð Norðurslóða.

Arctic Circle var stofnað í fyrra að frumkvæði forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar, Kuupik Kleist, þáverandi forsætisráðherra Grænlands, og Alice Rogoff, útgefanda Alaska Dispatch í Bandaríkjunum. Fyrsta þing Arctic Circle var haldið á Íslandi síðastliðið haust og hefur verið ákveðið að alþjóðafingin verði framvegis ávallt haldin á Íslandi. Auk þeirra verða á vegum Arctic Circle sérstök málþing í öðrum löndum. Þjú slík eru fyrirhuguð á næsta ári: í Bandaríkjunum, á Grænlandi og í Singapúr.

Fjölmargir forystumenn ríkja á Norðurslóðum, í Evrópu og Asíu, munu sækja þingið í lok október og auk þeirra hundruð vísindamanna, sérfræðinga, stjórnendur stórfyrirtækja og leiðtogar á vettvangi umhverfismála.

Meðal ræðumanna á þinginu nú verða Sauli Niinistö forseti Finnlands, Angela Merkel kanslari Þýskalands, Philip Hammond

utanríkisráðherra Bretlands, Robert Papp aðmírall og fulltrúi John Kerry utanríkisráðherra Bandaríkjanna í málefnum Norðurslóða, Michel Rocard, fyrrum forsætisráðherra Frakklands, Artur Chilingarov, landkönnuður og sérlegur sendimaður forseta Rússlands, Vladimirs Putins, í málefnum Norðurslóða, Angel Gurría, framkvæmdastjóri OECD, Christiana Figueres, stjórnandi loftslagssamninga Sameinuðu þjóðanna, Lisa Murkowski, öldungadeildarþingmaður í Bandaríkjunum, Philippe Couillard, forsætisráðherra Quebec, og Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja. Einnig munu Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Einar K. Guðfinnsson forseti Alþingis halda ræður á þinginu. Ræður Merkel og Hammond verða fluttar af myndbandi.

Sendinefndir stjórnvalda Japans, Frakklands, Bretlands og Finnlands munu á þinginu kynna sérstaklega sýn ríkjanna á framtíð Norðurslóða, stefnumótun og áherslur í vísindarannsóknum og viðskiptum.

Rannsóknarstofnunin Polarisk mun kynna skýrslu um líklega stöðu Norðurslóða, umsvif og auðlindanýtingu árið 2035 og fulltrúar bandarísku fyrirtækjanna Google og PlanetLabs fjalla um framlag upplýsingatækni og nýs gervihnattakerfis til þekkingar á náttúru Norðurslóða. Hinn heimsþekkti sjávarlíffræðingur Sylvia Earle verður og meðal frummælenda í umræðum um þróun hafsvæða á Norðurslóðum.

Stjórnendur margra alþjóðlegra fyrirtækja munu taka þátt í umræðum á þinginu og má þar nefna Scott Miner, forstjóra bandaríska fjárfestingasjóðsins Guggenheim Partners, stjórnendur kínverska skipafélagsins COSCO og kóreska skipafélagsins Daewoo sem og fulltrúa BP og Nunaoil.

Sérfræðingar, kennarar og nemendur við háskóla á Íslandi og fulltrúar margra íslenskra fyrirtækja og samtaka munu taka þátt í þinginu og verða meðal málshefjenda í ýmsum málstofum þess.

Að auki hefur verið ákveðið að gefa áhugasömum Íslendingum, sem vilja kynna sér umræður um framtíð Norðurslóða, kost á því að skrá sig til þátttöku í þinginu næstu daga. Skráningin er á heimasíðunni www.ArcticCircle.org.

Á þingi Arctic Circle verða, auk umræðna á aðalfundum þess, starfræktar um 50 málstofur sem skipulagðar eru af háskólum, rannsóknarstofnunum, umhverfissamtökum, fyrirtækjum, stjórnvöldum í einstökum ríkjum sem og öðrum aðilum sem láta Norðurslóðir til sín taka.

Meðal umræðuefna þingsins verða bráðnun íss og þróun loftslagsmála, öryggismál á Norðurslóðum og skipulag björgunarstarfs, þróun viðskipta og siglinga um nýjar norðurleiðir, samstarf á sviði vísinda og rannsókna, málefni og réttur frumbyggja, nýting hreinnar orku og olíulinda, fiskveiðar og verndun hafsvæða, alþjóðalög og réttarþróun, árangur af störfum Norðurskautsráðsins og áherslur Bandaríkjastjórnar í væntanlegri formennskutíð sinni sem hefjast mun á næsta ári.

Dagskrá þingsins og nánari upplýsingar um Arctic Circle má finna á heimasíðunni www.ArcticCircle.org.

14. október 2014